

Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 29. apríl 2015 kl. 20.



Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Sandra Rún Björnsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1412003 – Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 2. desember 2015.**
Nefndin gerir athugasemd við lið 2. þar sem gert var ráð fyrir að allur kostnaður af jarðgerðarvél og húsi væri inni í fjárhagsáætlun 2015, en svo virðist ekki hafa verið. Jafnframt hvetur hún til þess að að ruslatunnur sem talað er um í lið 4 verði settar upp sem fyrst. Að öðru leyti er fundargerð samþykkt.
2. **1404016 – Umhverfisdagurinn 2015.** *Nefndin leggur til að dagurinn verður haldinn laugardaginn 9. maí. Sandra Rún og Ásta Sjöfn taka að sér að sjá um auglýsingu og veitingar.*
3. **1304010 – Hunda- og kattahald á Reykhólum.**
Erindi frá Guðmundi Sigvaldasyni og Guðjóni D. Gunnarssyni dagsett 25. mars 2015. Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki drög að samþykktum um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi. Gústaf Jökull leggur til breytingu á 2. grein, f-liður „hundar og kettir mega ekki ganga lausir innan þéttbýlis á Reykhólum, heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir þeim. Gæta skal þess að hundar og kettir valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna.“
4. **1504017 – Samþykkt um fráveitu í Reykhólahreppi.** *Afgreiðslu frestað, samþykkt samhljóða.*
5. **1504018 – Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.** *Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi (9 greinar).*
6. **1504019 – Rotþróahreinsun 2015.** *Nefndin leggur til að áfram verði unnið að losun rotþróa eins og verið hefur. Jafnframt verði farið í úttekt á stöðu frárennslismála í Reykhólahreppi svo hægt verði að skipuleggja framkvæmdaáætlun til að koma frárennslismálum í lag.*
7. **1504020 – Nýr mótur í jarðgerðarvél.** *Nefndin leggur til að að keyptur verði nýr mótur í jarðgerðarvélinu. Nefndin ítrekar samþykkt sína frá 14. október 2014, 3. mál.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22.30.
